

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Ketilbjörg Erlendína Magnúsdóttir, eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi samkv. 166. gr. l. nr. 85/1936, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu 5.—20. apríl 1938, skal kærður, Tómas Þorvaldsson, talinn faðir barns þess, er kærandi ól 21. jan. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsurðinn, allt eftir úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað með 50 kr.

Verði kærandi hins vegar eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum kærandi í máli þessu, og greiðir þá kærandi 50 kr. í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1941.

Nr. 13/1941. Ólafur Johnson

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

— Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Johnson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mált sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 6. júní 1941.

Nr. 15/1941. Eypór Árnason (Theódór B. Lindal)

gegn

Páli Magnússyni (Lárus Jóhannesson).

Húsakaup. Krafa um riftingu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem hefur að fenginni gjafsókn fyrir hæstarétti 29. jan. þ. á. áfrýjað máli þessu með stefnu 30. s. m., hefur krafizt þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11365.00 með 6% ársvöxtum frá 17. febr. 1937 til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði dæmt að greiða honum aðra fjárhæð eftir mati dómsins með vöxtum sem fyrr segir, hvort tveggja gegn framsali á þeirri kr. 1415.20 kröfu til stefnda, er hann hafði framselt áfrýjanda í sambandi við húskaup aðilja. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er eigi sannað í máli þessu, að aðiljar hafi samið um annað kaupverð á húsinu en það, er í afsalinu getur, að viðbættum þeim verðmætum, sem í héraðsdómi greinir og stefndi kveður ekki hafa verið verðsetta. Svo er ekki heldur neitt komið upp í málinu, er sýni það, að stefndi hafi mátt sjá það, að áfrýjanda væri það forsenda fyrir kaupunum, að hann kæmi verðmætum þessum út fyrir nokkurt ákveðið lágmarksverð. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun umboðsmanns áfrýjanda, kr. 300.00, greiðist úr rikissjóði.

Meðferð máls þessa, sem þingfest var í héraði 11. maí 1939, hefur þar verið mjög aflaga og lögum andstæð. Þá er fram var komin greinargerð samkvæmt 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, skyldi dómari hafa ákveðið tilhögun málflutnings samkvæmt 109. gr. sömu laga og ákveðið málflytjendum sameiginlegan frest til öflunar gagna. Í stað þessa veitti dómari málflytjendum fresti á vixl málinu til óháfilges dráttar, og lögðu málflytjendur fram 8 skrifleg sóknarskjöl og varnar. Loks var munnlegur flutningur málsins ákveðinn 13. júní 1940, og munnlega var það flutt 29. okt. s. á.

Fyrir þessa löglausu meðferð málsins ber að átelja héraðsdómarann og málflytjendur, þá Ingólf Jónsson héraðsdómsmálflutningsmann og Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálflutningsmann, sem virðist hafa ráðið flutningi málsins fyrir stefnda í héraði.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Theódórs Lindals hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóv. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. maí 1939 af Eypóri Árnasyni sjómanni, Reykhólum hér í bæ, gegn Páli Magnússyni járnsmið, Bergstaðastræti 4 hér í bænum, og eru réttarkröfur stefnanda aðallega þær, að afsalsbréf hans til stefnds, dags. 17. febr. 1937, fyrir siðargreindum húseignum verði ógilt, og stefndur dæmdur til að greiða honum kr. 585.00 í húsaleigu á mánuði hverjum frá 18. febrúar 1937 til þess tíma, að hann skilar húseignunum aftur, ásamt 6% ársvöxtum af leigunni, svo og kr. 10000.00 í gabbsbætur og loks málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 11365.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 6. janúar 1939, til greiðsludags, kr. 10000.00 í skaðabætur og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar og enn fremur, að stefnandi verði sektaður fyrir óparfa þrætu.

Stefnandi lýsir atvikum máls þessa á þá leið, að í byrjun ársins 1937 hafi Sigurður nokkur Þorsteinsson hvað eftir annað komið til sín og boðið sér að selja fyrir sig húseignir sínar nr. 9 við Bergstaðastræti, og hafi hann tilgreint ákveðinn væntanlegan kaupanda. Kveðst stefnandi hafa þegið boðið, en ekkert orðið úr kaupum. Skömmu seinna, eða um það bil 15.—17. febrúar, hafi Sigurður komið aftur og sagt, að nú hefði hann kaupanda að eigninni, stefndan í þessu máli, og væri hann að láta skrifa afsalið. Vildi stefnandi, að því er hann segir, fá kr. 65000.00 fyrir eignina, en vildi þó til samkomulags samþykkja að láta hana fyrir 58000.00. Kveður stefnandi það síðan hafa orðið samninga með sér og stefndum fyrir milligöngu Sigurðar, að stefndur keypti eignina fyrir kr. 58000.00. Hafi hann síðan gefið út afsal til stefnds fyrir eigninni, dagsett 18. febrúar 1939. Í afsalinu stóð, að verð eignarinnar væri

kr. 42000.00, en stefnandi kveður þannig standa á því, að hann hafi fyrir orðastað Sigurðar aðeins látið afsalið hljóða um þá fjárhæð, enda hafi Sigurður sagt, að það væri bæði hentugra og ódýrara.

Hið raunverulega söluverð eignarinnar telur stefnandi eiginlega hafa átt að vera kr. 58615.20, og hafi það verið greitt þannig:

1. Stefnur hafi greitt í peningum með því að taka að sér greiðslu áhvilandi skulda og á annan hátt ..	kr. 42000.00
2. Með afhendingu hlutabréfs í Strætisvagnar Reykjavíkur h/f	— 1000.00
3. Með afhendingu hlutabréfs í Eimskipafélagi Íslands h/f	— 200.00
4. Með framsali kröfu á hendur Freygarði Þorvalds-syni	— 1415.20
5. Með afhendingu einnar Nygrei bátsvélar	— 14000.00
Samtals	kr. 58615.20

Það er viðurkennt í málinu, að auk afsalsverðsins, sem greint er í 1. lið hér á undan, fékk stefnandi fyrir eignina öll þau verðmæti, sem greind eru í 2.—5. Staðhæfir stefnandi, að stefndur hafi sagt sér, að strætisvagnahlutabréfið, er var kr. 500.00 að nafnverði, væri 1000.00 kr. virði, Eimskipafélagshlutabréfið 200.00 kr. virði, krafan á hendur Freygarði rétt og góð, en hún var að nafnverði kr. 1415.20, og loks, að Nygrei vélin væri 14000.00 virði. Þessu kveðst stefnandi hafa trúað og því tekið verðmæti þessi sem fulla greiðslu upp í söluverð eignarinnar. Þegar á hafi reynt, hafi hlutabréfin þó reynzt mun minna virði, krafan á Freygarð röng og ónýtt, og Nygrei vélina hafi reynzt ómögulegt að selja fyrir meira en kr. 3800.00. Hafi því verið um hin stórkostlegustu svik að ræða af hálfu stefnds, er eigi að varða því, að aðalkrafa sin verði tekin til greina um riftun kaupanna, en þyki ekki unnt að fallast á hana, beri þó að taka varakröfuna til greina, en upphæð hennar er mismunur sá, er stefnandi kveður vera á fjárhæð þeirri, er hann hafi í raun og veru fengið fyrir eignina og hins samningslega ákveðna söluverðs.

Stefndur byggir kröfur sínar á því, að verð það, sem tilgreint hafi verið í afsalinu, kr. 42000.00, hafi verið hið raunverulega söluverð, þó að viðbættu því, er stefnandi gæti gert sér úr verðmætunum undir nr. 2.—5. Kveðst hann aldrei hafa viljað láta meira fyrir húsið en kr. 42000.00, auk hlutabréfanna, kröfunnar og vélarinnar. Hann neitar að hafa gefið stefnanda aðrar upplýsingar um verðmætin undir nr. 2.—5. en þær, að sér hafi verið boðnar kr. 800.00 í strætisvagnahlutabréfið, en að hann hafi ekki viljað láta það fyrir minna en kr. 1000.00, og að krafan á Freygarð væri rétt. Þessar upplýsingar hafi verið réttar og geti því ekki varðað sig neinum vítum. Hvað þeir stefnandi og Sigurður kunni að hafa verðlagt framangreind verðmæti, sé sér með öllu óviðkomandi, enda hafi

Sigurður á engan hátt verið í þjónustu sinni við kaupin, heldur hafi hann komið fram sem söluumboðsmaður stefnanda sjálfs.

Meðal gagna máls þessa er ýmislegt, sem þykir benda ákveðið í þá átt, að stefnandi hafi ekki viljað selja eignina fyrir minna en kr. 58000.00 í raunverulegu verðmæti. Virðist og svo, sérstaklega af miða nokkrum með rithönd Sigurðar, sem lagður er fram, sem Sigurður hafi viljað telja stefnanda trú um, að hann fengi raunverulega kr. 58000.00 fyrir húsið í kaupunum við stefndan. Hins vegar er með öllu ósannað gegn andmælum stefnds, að hann hafi nokkru sinni verðlagt hlutabréfin, kröfuna og vélina við stefnanda né gefið honum í skyn, að í umræddum kaupum fengi hann kr. 58000.00 fyrir eignina að raunverulegu verðmæti. Þá þykir ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndur hafi á nokkurn hátt stuðlað að því, að Sigurður teldi stefnanda trú um, að hann fengi í raun og veru kr. 58000.00 fyrir eignina, með því að gera kaupin við stefndan, né haft grun um fortölur Sigurðar í þá átt, enda virðist Sigurður hafa komið fram gagnvart stefndum sem umboðsmaður stefnanda.

Verður rétturinn því samkvæmt framanskráðu að líta svo á, að ósannað sé, að stefndur hafi í umræddum kaupum hagað sér á nokkurn þann hátt, að leitt geti til þess, að kröfur stefnanda verði teknar til greina, enda er og ósannað í málinu, að verðmæti það, er stefnandi fékk fyrir eignina, hafi verið óhæfilega lítið. Verður því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en málskostnað ber að láta falla niður.

Mál þetta er rekið sem gjafsóknarmál af hálfu stefnanda. Málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, hdm. Ingólfs Jónssonar, greiðast úr rikissjóði og þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Páll Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Eyþórs Árnasonar, en málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hdm. Ingólfs Jónssonar, kr. 300.00 greiðist úr rikissjóði.